

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Af hundum í Bláskógabyggð skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Bláskógabyggð, nr. 849/2010, sbr. 5. gr. hennar.

2. gr.

Fyrir veitta undanþágu til hundahalds skal greiða skráningargjald kr. 10.000 og árlega eftir það kr. 10.000 leyfisgjald. Innifalið í skráningar- og leyfisgjaldi er skráning, ábyrgðartrygging og hundahreinsun fyrir viðkomandi hund.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta að lágmarki handsömunargjald kr. 10.000. Beri sveitarfélagið kostnað umfram það gjald vegna handsömunar skal sá umframkostnaður innheimtur hjá ábyrgðaraðila hundsins sérstaklega. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

6. gr.

Ábúendur lögbýla, utan þéttbýlismarka sveitarfélagsins, eiga rétt á 50% afslætti af skráningar- og leyfisgjaldi samkvæmt 2. gr. gjaldskrárinnar.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá Bláskógabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð nr. 849/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð nr. 247/2008.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 16. júní 2010 og í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 6. apríl 2010.

Bláskógabyggð, 28. desember 2010.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.